

Skýrsla faghóps Flóruvina fyrir árið 2022

Formaður Flóruvina á árinu var Gróa Valgerður Ingimundardóttir en að auki sátu í nefndinni Hörður Kristinsson í heiðurssæti, Pawel Wasowicz, Snorri Sigurðsson og Starri Heiðmarsson. Stærri hluta ársins þurfti þó formaður hópsins að taka sér leyfi frá félagsstörfum og tóku þá nefndarmenn við keflinu.

Facebook hópur Flóruvina hélt áfram að vaxa á árinu telur nú 3451 meðlimi. Virknin datt þó niður á árinu samanborið við árið á undan og varð hópurinn auk þess fyrir barðinu á nettröllum eða öðru viðlíka. Fylgjendum Facebook síðu Flóruvina fjölgaði um tæpa fimm tugi og eru nú 549 talsins en þar höfum við komið á framfæri helstu fréttum. Undirsíðu Flóruvina á heimasíðu félagsins (hin.is) var viðhaldið en þar eiga Flóruvinir líka fréttir eða fróðleiksmola sem má skoða sérstaklega með að velja fréttaflokkinn „Flóruvinir“.

Heiðri Dags hinna villtu blóma var haldið uppi af einkaframtaki en í ár sinntu Flóruvinir því miður ekki þessum hluta starfsins sem annars hefur verið fastur liður í starfinu.

Gróa sótti sameiginlegan fund grasfræðifélaga Norðurlandanna þann 29. – 30. október í Uppsölum, í húsakynnum Sænska grasfræðifélagsins (Svensk botanisk förening). Á þessum fundi voru mættir fulltrúar Norska grasfræðifélagsins (Norsk botanisk forening), Danska grasfræðifélagsins (Dansk botanisk forening), finnskra áhugamanna um grasfræði (þeir hafa ekki eigið grasfræðifélag), auk okkar og Svía. Það er einkar hvetjandi að sækja þessa fundi og þeir eru frábær leið til að sækja innblástur fyrir Flóruvini. Starf norrænu félaganna er mjög misöflugt en sem dæmi má nefna að flestir fundargestir voru starfsmenn félaganna sem hafa það fyrir sitt aðalstarf að vinna að markmiðum sinna félaga. Andinn á þessum fundum er alltaf mjög góður og þar má finna fyrir miklum stuðningi við okkur sem höfum minna bakland í þessum efnum, þ.e. Finna og Íslendinga. Í ár stóð HÍN fyrir ferðakostnaði fulltrúa síns og er ekki laust við að það hafi verið mikill styrkur í því!